

nm frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Frá minni hlnta allsherjarnefndar.

Jeg hefi eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um frv. þetta. Á það sjerstaklega við 1. gr. frv., skilyrðin fyrir kosningarrjetti og kjörgengi.

Þar sem hv. meiri hluti telur of langt gengið í 1. gr. frv., þá tel jeg aftur á móti of skamt farið.

Í frv. er aldurstakmarkið fyrir kosningarrjetti og kjörgengi 25 ár. Þessu tel jeg rjett að breyta í þá átt, að binda það við 21 árs aldur. Á þeim aldri hafa menn yfirleitt óðlast þau rjettindi, sem þjóðfelagið hefir að bjóða — önnur en kosningarrjett og kjörgengi.

Jeg get ekki komið auga á neinar þær ástæður, sem geri það varhuga-vert að færa aldurstakmarkið niður í 21 ár. Þvert á móti finst mjer alt mæla með því, enda er það nú orðið allvíða í löndum.

Þar sem ekki hefir heldur getað orðið samkomulag í nefndinni um ýmislegt annað í 1. gr. frv., þá hefi jeg talið rjettast að bera fram tillögur um gagn-gerða breytingu á henni.

Jeg tel rjett, að sá fái að kjósa, sem á kjördegi sannar fyrir kjörstjórn, að hann fullnægi skilyrðum fyrir kosningarrjetti, þótt hann hafi fallið burt af kjörskrá.

Jeg er sammála hv. meiri hluta nefndarinnar um sumar þær breytingar, er hann vill gera á frv.; en af minni hendi leyfi jeg mjer að bera fram við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 21 árs eða eldri og hafa verið heimilisfastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir.

II. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: sbr. þó 3. gr.

III. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:

Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, að hann eigi kosningarrjett, þótt hann standi eigi á kjörskrá.

Alþingi, 19. mars 1924.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.